

Viðhengi 11 – Skógræktarfélag Garðabæjar

Frá Skógræktarfélagi Garðabæjar

Til skipulagsstjóra
Arinbjarnar Vilhjálmssonar

Efni: Ábendingar vegna endurskoðunar aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Skógræktarfélagið óskar eftir að Smalaholtið allt verði innan Græna trefilsins, en ekki aðeins hluti þess líkt og er á núgildandi aðalskipulagi.

Fyrirhuguð lega svokallaðs Græna stígs liggur um Sandahlíð frá Guðmundarlundi í Kópavogi. Óskast tekið til greina við gerð aðalskipulagsins.

Útivistarstígar:

Skógræktarfélagið hefur lagt útivistarstíga í Smalaholtið samkvæmt teikningu Hornsteina ehf. Þetta eru malarstígar, sem nýtast til útivistar og einnig afmarka þeir eldvarnarhólf á svæðinu. Áning með borðum og grill fyrirhugað, og fjöldi bekkja meðfram stígunum. Sjá útivistarstíga með rauðum línunum á meðfylgjandi mynd.

Í Sandahlíð hafa bæði malarstígar og kurlstígar verið lagðir um hlíðina, ásamt uppbyggingu leiksvæðis og grillaðstöðu á Sandaflöt. Aðkoma að leiksvæði og grillaðstöðu er merkt með blárrí línu á meðfylgjandi mynd.

Kirkjugarður í Rjúpnadal

Stjórn Skógræktarfélagsins gerir ekki athugasemd við tillögu um nýjan kirkjugarð ofan Smalaholts í Rjúpnadal. Samkvæmt örnefnaýsingu Gunnlaugs... er Rjúpnadalur milli Smalaholts og Rjúpnahæðar. Þetta land er í eigu Pósts og síma sem svo hét áður. Teljum við staðsetningu kirkjugarðs þarna vera ágæta í nálægð við útivistarsvæðið í Smalaholti þá vestan við garðinn þar á milli er klapparholt með hringsjá á mörkum Garðabæjar og Kópavogs, einnig er þar óþekkt stúlkumynd höggvin í klöpp á svæðinu. Til undirbúnings nýs kirkjugarðs væri heppilegt að fylla mold meðfram bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs og planta trjágróðri í breitt skjólbelti, sem yrði skermur milli byggðar í Kópavogi og kirkjugarðs. Möguleiki er að skógræktarfélagar legðu þar hönd á plóg við gróðursetningu. Staðsetning kirkjugarðsins er sýnd sem hringlaga flötur væntanlega vegna þess að endanleg staðsetning er enn ekki ákveðin en stjórn Skógræktarfélagsins þykir eðlilegra að hringurinn væri teiknaður meira miðsvæðis á svæðinu í Rjúpnadal fjær þeim svæðum í Smalaholti þar sem mest hefur verið plantað af trjám. Á meðfylgjandi korti er sýnd ný staðsetning hringsins.

Stækkun golfvallar

Ekki líst skógræktarfélögum á þá hugmynd að stækka gólfvöll GKG í átt að Vífilsstaðavatni sem þýðir að skerða suðvestur hluta Smalaholts, en þar hefur verið byggður trjásýnisreitir meðfram útivistarstígum með merkingum trjáa og aukið við fjölbreytni tegunda þar.

Ný gróðursetningarsvæði

Skógræktarfélagið er orðið landlaust fyrir nýjar gróðursetningar, því nær fullplantað er í svæði félagsins þ.e. Smalaholt, Sandahlíð, Hnoðraholt, Hádegisholt og Tjarnholt. Verst er að geta ekki tekið á móti nemendum grunnskóla bæjarins vegna landleysis, því þeir fá árlega úthlutað birkiplöntum úr Yrkjusjóði gjafasjóði frú Vigdísar Finnbogadóttur. Félagið hefur ekki getað tekið á móti nemendum Álftanesskóla eftir sameiningu sveitarfélaganna.

Þess vegna er það ánægjulegt að fréttu frá Bessastöðum að jákvætt er tekið í að leyfa gróðursetningar trjáplantna á Bessastaðanesi. Við teljum að það gæti verið svæðið austan við Bessastaðatjörn.

Félagasamtök á Álfanesi hafa óskað eftir að mega taka land í fóstur til að gróðursetja þar trjálund, þessa hugmynd styður sameinað Skógræktarfélag Garðabæjar og Álfaness. Garður Kvenfélags Álfanes fór undir stækkun sundlaugarinnar fyrir nokkrum árum.

Vífilsstaðir

Skógræktarfélagið vill standa vörð um trjágarða á Vífilsstöðum þó þeir séu á landi ríkisins, félagið lítur svo á að ungmennafélagsreiturinn norðan byggðarinnar sem liggur nú að Vífilsstaðavegi séu menningarminjar, enda heimildir um að fjöldi fólks kom til gróðursetningar þar vorið 1913 að boði Ungmennafélags Íslands og skógfræðinga þess tíma.

Grenisveigarnir sunnan Hælisins eru merkir fyrir það að Jón H. Björnsson sem var fyrsti Íslendingurinn er nam landlagsarkitektúr. Við heimkomuna frá Bandaríkjunum kom hann með grenifrá og víðistiklinga frá Alaska og stofnaði Gróðrarstöðina Alaska. Hann var þekktur fyrir sveigformin, en garðurinn á Vífilsstöðum er með fyrstu teikningum hans eftir að hann kom heim.


Garðbæingar líta til Vífilsstaða sem höfuðbóls Garðabæjar, þar sem sagan drýpur af hverju strái s.s. í byggingarsögu landsins. Rögnvaldur Ólafsson teiknaði Vífilsstaði en hann var fyrsti Íslendingurinn sem nam arkitektúr. Saga íslenskra berkla sjúklinga er órjúfanlega tengd sögu Vífilsstaða. Merki um útivistarsvæði þeirra umhverfis Vífilsstaði má enn sjá t.d. hleðslur í Vífilsstaðahrauni eftir tjaldbotna þeirra en þar var einnig m.a. kaffihús. Leiðin upp að vörðunni Gunnhildi er enn sjáanleg þar sem sjúklingar við uppgöngu voru að gróa sára sinna ef þeir hóstuðu ekki blóði er upp var komið, þar skammt frá eru skotbyrgi sem eru minjar frá stríðinu. Vatnsveita Vífilsstaða er yfir hundrað ára og standa vatnsgeymar enn við lækinn og uppi í hlíðinni með dælukofanum við Vífilsstaðalæk. Trjálundurinn Bakki innan við Vífilsstaðavatn er gróðursettur af hópi berkla sjúklinga sem kallaðist hjólbörudeildin.

Vífilsstaðavatn og umhverfi þess er náttúruperla sem íbúar njóta í ríku mæli og fylgjast með fuglalífi og njóta útivistar úti í náttúrunni. Þess vegna er mikilvægt að fella burt fyrirhugaðan ofanbyggðaveg af nýju aðalskipulagi.

Garðabæ 21.11.2016

Fh. Skógræktarfélags Garðabæjar kt. 490389-1139

Sigurður Þórðarson og Erla Bil Bjarnardóttir



Yfirlitskort